

Miðvikudaginn 18. febrúar 1981.

Nr. 13/1979. **Bæjarsjóður Eskifjarðar**  
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)  
 gegn  
**Ragnari Sigurmundssyni**  
 (Stefán Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Kröfu um uppboð synjað.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Bogi Nílsson, bæj-  
 arfógeti á Eskifirði.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 22. janúar 1979. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrund-  
 ið og að dæmt verði, að umbeðið nauðungaruppboð á fast-  
 eigninni Strandgötu 67 A á Eskifirði skuli fram fara til lúkn-  
 ingar skuldar stefnda við áfrýjanda, að fjárhæð 822.80 krón-  
 ur, auk uppboðskostnaðar og málskostnaðar í héraði og fyrir  
 Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og  
 málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er greint frá því, að gjald var  
 lagt á fasteign stefnda, Strandgötu 67 A á Eskifirði, á grund-  
 velli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975,  
 sbr. og reglugerð nr. 430/1975, vegna framkvæmda við að  
 setja varanlegt slitlag á Strandgötu í Eskifjarðarkaupstað.  
 Samkvæmt 7. gr. laga nr. 51/1974 fylgir gatnagerðargjaldi,  
 sem á er lagt með stoð í 3. gr. laganna, „lögveð í viðkomandi  
 fasteign“. Í þeim lögum er ekki heimild til sölu lögveða án  
 undangengins lögtaks.

Áfrýjandi valdi þá leið til heimtu framangreindra gjalda  
 að óska eftir uppboði á fasteign stefnda á grundvelli laga nr.  
 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks, sbr. e lið

1. tölulíðs 1. gr. laga nr. 57/1949. Í 1. gr. laga nr. 49/1951 segir, að áður en eign sú, sem lögveð er mælt í, sé seld, skuli birta „með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar“. Samkvæmt 2. gr. laganna á uppboðið að fara fram að hætti nauðungaruppboða.

Í máli þessu er leitt í ljós, að hvorki var birt almenn áskorun um greiðslu framangreindra gjalda, sem lögð voru á stefnda af hálfu áfrýjanda, né honum tilkynnt með þeim hætti, sem 1. gr. laga nr. 49/1951 áskilur, að óskað verði eftir uppboði á veðinu. Hér er um ófrávíkjanleg skilyrði að ræða. Með því að áfrýjandi gætti þeirra ekki, og lögtak hefur eigi heldur verið gert fyrir gjöldunum, ber að synja um framgang umbeðins uppboðs og staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð að niðurstöðu til, en málskostnaður er greindur þar í gömlum krónum.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.500.00 krónur (nýkr.).

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarsjóður Eskifjarðar, greiði stefnda, Ragnari Sigurmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 2.500.00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður uppboðsréttar Eskifjarðar 8. janúar 1979.

##### I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór hinn 14. desember sl.

Uppboðsbeiðandi er bæjarsjóður Eskifjarðar, með vísun til heimildar í lögum nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks til lúkningar gatnagerðargjaldi að fjárhæð kr. 82.280 auk innheimtukostnaðar og uppboðskostnaðar (sic).

Uppboðspoli er Ragnar Sigurmundsson, Strandgötu 67 A, Eski-

firði, þinglesinn eigandi uppboðsandlagsins, fasteignarinnar Strandgötu 67 A, Eskifirði.

Uppboðsbeiðandi krefst þess, að uppboðið fari fram og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Uppboðspoli gerir þær kröfur, að synjað verði um framgang umbeðins uppboðs og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi uppboðsbeiðanda.

## II.

Með lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974, 3. gr., var sveitarstjórnnum heimilað að ákveða með samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Samkvæmt 4. gr. laganna mátti innheimta gjaldið „af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar.“

Með lögum nr. 31 23. maí 1975 um breyting á áðurgreindum lögum var 4. gr. þeirra breytt á þann veg, „að innheimta má gjaldið af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því slitlag var sett eða gangstétt lögð.“

Varanlegt slitlag var sett á þann hluta Strandgötu, sem hér skiptir máli, á árinu 1973, en ekki hefur enn verið lögð þar gangstétt.

Með vísun til heimildar í framangreindum lögum var sett reglugerð um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað, nr. 430 15. september 1975, og er gjald það, sem deilt er um hér, nefnt B-gjald í reglugerðinni.

B-gatnagerðargjald var lagt á fasteign uppboðspola, Strandgötu 67 A, Eskifirði þegar á árinu 1975, samtals kr. 139.614, og var gjalddagi fyrstu afborgunar þess (20%) ákveðinn 1. nóvember 1975. Greiddi uppboðspoli afborgunina hinn 31. desember 1975. Gjalddagi næstu afborgunar var samkvæmt reglugerðinni 1. júlí 1976 og síðan 1. júlí 1977. Þessar afborganir greiddi uppboðspoli ekki, enda hefur hann ávallt mótmælt innheimtu gjaldsins, þótt hann hafi lokið fyrstu afborguninni, með þeim rökum aðallega, að lögum um gatnagerðargjöld séu andstæð stjórnarskránni og að reglugerðin um gatnagerðargjöld sé mun viðtækari heldur en lögum um gatnagerðargjöld heimili.

Með ítarlegu bréfi, dagsettu 11. júlí 1979, var af hálfu uppboðsbeiðanda krafist uppboðs á fasteign uppboðspola til lúkningar gjaldföllnum, en vangoldnum hluta gatnagerðargjaldsins ásamt vöxtum og kostnaði, og sendi uppboðsbeiðandi uppboðspola þá um leið afrit af uppboðsbeiðninni, ásamt afriti af fylgiskjölum, í ábyrgðarbréfi.

Uppboðið var auglýst í 93., 96. og 99. tölublaði Lögbirtinga-  
blaðs 1977 og var fyrst tekið fyrir í skrifstofu uppboðshaldara  
hinn 16. janúar 1978. Sótti uppboðspoli þá þing sjálfur, mótmælti  
framgangi uppboðsins og fékk frest til greinargerðar.

### III.

1. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 11. gr. reglugerðar  
nr. 430/1975, fylgir gatnagerðargjaldi lögveð í viðkomandi fast-  
eign.

2. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974 skal sérstakt gatna-  
gerðargjald, B-gjald, gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags  
og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó er sveitarstjórn  
heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu gjaldsins sé dreift á til-  
tekið árabíl eftir því sem nánar er tiltekið í samþykktinni.

Reglugerðin um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað, nr.  
430/1975, mælir svo fyrir í 10. gr., að 20% af B-gjaldi greiðist,  
þegar lagningu bundins slitlags er lokið, en eftirstöðvar greiðist  
með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum með gjald-  
dögum 1. júlí. Gjaldanda er þó heimilt að halda eftir 20% gjalds-  
ins, uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

Ekki verður beinlínis ráðið af orðum 2. mgr. 6. gr. laga nr.  
51/1974, öðrum ákvæðum laganna eða greinargerð með frumvarpi  
að þeim, að löggjafinn hafi ætlað sveitarstjórnnum heimild til þess  
að innheimta B-gjald eða hluta þess, áður en lagningu gangstéttar  
við hlutaðeigandi götu lýkur, eins og 10. gr. reglugerðarinnar  
gerir ráð fyrir.

Tilgangur laga um gatnagerðargjöld og þá einkum heimild til  
innheimtu sérstaks gjalds, B-gjalds, er að auðvelda sveitarstjórn  
framkvæmdir við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu  
og til að leggja gangstéttir, fjárhagslega.

Í ýmsum sveitarfélögum, einkum fámönnum þéttbýlisstöðum,  
líður oft langur tími, frá því að bundið slitlag er lagt á götu, þar  
til lagningu gangstéttar við götuna lýkur, enda skiptir lagning  
bundins slitlags yfirleitt mun meira máli í umhverfi þessara  
hyggðarlaga heldur en lagning gangstétta. Heimild til innheimtu

B gjalds kæmi því að takmörkuðu gagni fyrir sveitarfélögin, yrðu gjöldin fyrst talin gjaldkræf, þegar lagningu gangstétta væri lokið.

Þegar þetta er haft í huga, verður talið, að ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 430/1975 um gjalddaga á B-gjaldi rúmist innan heimildar 6. gr. i. f. laga nr. 51/1974.

3. Hvorki hefur verið í ljós leitt, að uppboðsbeiðandi hafi með mánaðar fyrirvara birt almenna áskorun um greiðslu gatnagerðargjaldanna í dagblaði né á annan venjulegan hátt né tilkynnt uppboðspola með ábyrgðarbréfi, sem borið var út, að hann mundi óska uppboðs á fasteign uppboðspola, greiddi hann ekki gjöldin innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, sbr. lög nr. 49/1951 um sölu lögveða á undangengins lögtaks.

Eins og getið var hér að framan, hefur uppboðspoli ávallt mótmælt innheimtu gatnagerðargjaldsins efnislega, og óumdeilt er, að honum var rækilega kunnugt um innheimtuaðgerðir uppboðsbeiðanda.

Telja verður, að nefndum formreglum laga nr. 49/1951 sé fyrst og fremst ætlað að tryggja, að uppboðspoli fái nægilega snemma vitneskju um aðgerðir uppboðsbeiðanda.

Sýnt er samkvæmt framangreindu, að þessara formreglna hefur ekki verið gætt, en hins vegar hefur verið sótt þing af hálfu uppboðspola og framgangi uppboðsins mótmælt.

Með hliðsjón af því og 97. gr. og 101. gr. i. f. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykja formgallarnir, sem hér hefur verið vikið að, ekki leiða til þess, að synjað verði um framgang uppboðsins.

4. Í 4. gr. og 5. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, eru ákvæði um ákvörðun og álagningu gatnagerðargjaldsins. Samkvæmt 4. gr. er heimilt að innheimta gjaldið af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, og má heildarupphæð gjaldsins nema allt að meðalkostnaði við framkvæmdirnar. Samkvæmt 5. gr. skal miða gjaldið við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, og mega þau vera mismunandi eftir notkun húsa og tegund.

Í 5. gr. reglugerðarinnar nr. 430/1975 er mælt fyrir um ákvörðun gjaldsins þannig: „B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 4. gr. þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús 1.5% . . .“ o. s. frv., mismunandi eftir tegund og notkun húss. Af hverjum fermetra lóðar skal greiða kr. 40 og af bifreiðageymslum hálf t. gjald.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar breytast gjöldin árlega eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Þá er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana „hvorn um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.“ Í 8. gr. reglugerðarinnar segir: „Ef ákveðið verður að innheimta gjald skv. 5. gr. af fasteignum við götu þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.“

Af hálfu uppboðspöla er því haldið fram, að þessi tilvitnuðu ákvæði reglugerðarinnar fari langt út fyrir ramma laganna um gatnagerðargjöld og sé því ekki hægt að byggja álagningu gatnagerðargjaldanna á þeim.

Eins og áður er rakið, má heildarupphæð umrædds gatnagerðargjalds af fasteignum við götu eða götur, sem gjaldið innheimtist af, nema allt að meðalkostnaði við framkvæmdirnar, sbr. lög nr. 31/1975. Sýnist sveitarfélögum þannig heimilað að endurkrefja fasteigna eigendur við hlutaðeigandi götu eða götur um útlagðan kostnað við framkvæmdirnar.

Af álagningarreglum reglugerðarinnar nr. 430/1975 verður hins vegar ekki séð, að þær séu í nokkrum tengslum við raunverulegan kostnað við gatnagerðina svo sem löggin gera ráð fyrir.

Ekki verður þar með sagt, að álagningarreglurnar leiði til hærri gjaldtöku en löggin heimila, jafnvel þótt haft sé í huga, að sveitarstjórn er veitt víðtæk heimild til hækkunar gjaldanna í 6. gr. reglugerðarinnar.

Af hálfu uppboðsbeiðanda er því haldið fram, að ákvæði laganna, sem vísar til meðalkostnaðar við framkvæmdir, sé einungis viðmiðunar- eða vísiregla til leiðbeiningar um hámark gjaldtökuunnar og séu álögur samkvæmt reglugerðinni í raun ekki meiri heldur en löggin leyfa. Skipti það meginmáli.

Í 77. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er mælt fyrir um, að skattamálum skuli skipað með lögum, og verður hér að hafa í huga, að reglugerðin nr. 430/1975 hefur öll einkenni skattreglna, mælir fyrir um eiginlega skattheimtu, um leið og hún markar sveitarfélaginu ákveðinn tekjustofn. Væri almenna löggjafanum óheimilt að fela sveitarstjórnnum að skipa álagningar- og innheimtureglum í þessum efnum alfarið í reglugerð.

Svo sem rakið hefur verið, geyma löggin um gatnagerðargjöld

ákvæði um álagningu gatnagerðargjalda, að vísu ekki ítarleg, og verða álagningarákvæði reglugerða, sem settar eru með heimild í lögnum, að samrýmast ákvæðum laganna. Sýnt er, að lögin taka mið af öðrum stofni, kostnaði við raunverulegar framkvæmdir, heldur en reglugerðin, sem tekur mið af byggingarkostnaði svonefnds vísitöluhúss. Verður því að telja, að reglugerðarákvæðið, sem fjallað hefur verið um og er í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. 6. og 8. gr. hennar, sé ekki í samræmi við heimildina í lögum um gatnagerðargjöld, og leiðir það til þess, að álagning margnefnds B-gatnagerðargjalds verður ekki byggð á reglugerðinni.

Af þessari ástæðu ber að synja um framgang umbeðins uppboðs.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða uppboðsbeiðanda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 80.000.

#### Því úrskurðast:

Synjað er um framgang hins umbeðna uppboðs.

Uppboðsbeiðandi, bæjarsjóður Eskifjarðar, greiði uppboðsbóla, Ragnari Sigurmundssyni, kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 18. febrúar 1981.

Nr. 121/1978. **Fjármálaráðherra**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Guðmundi Magnússyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Frávikning úr starfi. Bótakrafa. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-son og Þór Vilhjálms-son.